

Árneshreppur
Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjarðarbær
Kaldrananeshreppur
Reykholahreppur
Tálknafjarðarhreppur
Strandabyggð
Súðavíkurhreppur
Vesturbyggð

Ísafirði 2. júní 2022

Boðun 67. Fjórðungspings Vestfirðinga á kosningasumri, 14. júní 2022.

Samkvæmt samþykkt stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 1. júní sl., er með vísan til 10. greinar samþykpta Fjórðungssambands Vestfirðinga, boðað til 67. Fjórðungspings Vestfirðinga á kosningasumri þann 14. júní nk. Í samþykktum segir;

10. gr. Fjórðungsping á kosningasumri. Á því ári sem kosið er til sveitarstjórna skal stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga undirbúa og hafa umsjón með auka Fjórðungspingi að sumri sem halda skal í fjarfundi. Á dagskrá auka Fjórðungspings að sumri skulu vera þessi mál;

1. Kosning kjörnefndar og kosning fjárhagsnefndar fyrir Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti.
2. Önnur mál löglega fram borin.
3. Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsping og atkvæðaréttur.

Fulltrúar á Fjórðungspingi eru aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn þeirra. Atkvæðafjöldi hvers sveitarfélags deilist jafnt niður á alla aðalmenn í sveitarstjórn.

Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa frá eigin sveitarfélagi, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað. Framselji aðalmaður atkvæðarétt sinn til varamanns eða annarra þingfulltrúa eigin sveitarfélags, skal hann senda tilkynningu til sveitarstjórnar með sannanlegum hætti og afhenda viðkomandi þingfulltrúa undirritaða yfirlýsingu því til staðfestingar ásamt afriti af tilkynningu til sveitarstjórnar. Yfirlýsingu um framsal atkvæðisréttar og tilkynningu til sveitarstjórnar skal þingfulltrúi leggja fram við komu á Fjórðungsping eða með sannanlegum hætti.

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðaréttur hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

Þingið hefst kl 10.00, þriðjudaginn 14. júní 2022 á starfstöð Vestfjarðastofu, Suðurgötu 12, Ísafirði, þingið verður einnig haldið í fjarfundi fyrir þá sem þess óska.

Stjórn Fjórðungssambandsins fjallaði einnig um og samþykkti eftirfarandi um efni þingsins;

Samkvæmt 12. gr. samþykpta eru kjörnir fimm fulltrúar í fjárhagsnefnd og fimm til vara.

Ekki er tilgreint um fjölda fulltrúa í kjörnefnd samkvæmt 6. gr. þingskapa Fjórðungspings, en stjórn samþykkti að í kjörnefnd verði skipaður einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi.

Nánari upplýsingar um framkvæmd þingsins ásamt gögnum verður að finna [hér](#).

Athygli er vakinn á að sama dag verður haldinn ársfundur Vestfjarðastofu á Ísafirði, auk ársfundastarfa verður undir liðnum önnur mál fjallað um stöðu og framtíð atvinnumála og samfélaga á Vestfjörðum.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga
Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri